

Fundargerð 389

Föstudaginn 9. desember 2011, kl. 9:40 kom stjórn Byggðastofnunar saman í aðalbyggingu Háskólans á Akureyri á Akureyri. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Ásta Dís Óladóttir varaformaður, Jóna Árný Þórðardóttir, varamaður í forföllum Guðmundar R. Gíslasonar, Ólöf Hallgrímsdóttir, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Jóhann Arnarson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Gunnar Svavarsson boðaði forföll. Varamaður hans hafði ekki tæk á því að mæta.

Áður en fundur hófst var farið í skoðunarferð um húsnæði skólans undir leiðsögn Stefáns Sigurðssonar rektors.

Formaður setti fund kl. 10:25, í fundarsal háskólaráðs að Borgum, bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fundargerðir lánanefndar.
3. Starfsáætlun stjórnar 2012.
 - 3.1 Þátttaka Byggðastofnunar í mótun byggðastefnu.
 - 3.2 Samstarf við sveitarfélög og landshlutasamtök.
 - 3.3 Samþætting byggðamála innan stjórnarráðsins.
 - 3.4 Lánastarfsemi á vaxtarsvæðum og varnarsvæðum.
 - 3.5 Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun.
 - 3.6 Rannsóknir og samstarf við háskóla.
4. Skuldabréfakerfi Byggðastofnunar.
5. Önnur mál.
6. Næsti fundur.

Dagskráin var samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Fundargerðir lánanefndar.

Fundargerð lánanefndar nr. 14/11, 21. nóvember 2011. (f. skjal 2a)

AP og JA fóru yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 15/11, 6. desember 2011. (f. skjal 2b)

AP og JA fóru yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

...

3. Starfsáætlun stjórnar 2012.

Formaður lagði fram drög að starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar 2012. (f. skjal 3) Starfsáætlun er sett fram í sex köflum sem formaður fór yfir og stjórnarmenn ræddu síðan á eftir.

Hlé var gert á fundi kl. 12:00 og honum framhaldið aftur kl. 12:30.

Fyrirliggjandi drög að starfsáætlun 2012 samþykkt samhljóða með þeim athugasemdum sem komu fram hjá stjórnarmönnum.

Skjalið verður vinnuþagg í áframhaldandi vinnu. Starfsmenn Byggðastofnunar munu vinna áfram með það og bæta við því sem við á og verður það lagt fyrir fund stjórnar í janúar til samþykktar.

4. Skuldabréfakerfi Byggðastofnunar

AP og MH fóru yfir minnisblað um skuldabréfakerfi stofnunarinnar. (f. skjal. 4)

5. Önnur mál

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

AP og JA fóru yfir fyrirhugaða sameiningu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (ATVEST) og Fjórðungssambands Vestfirðinga. Byggðastofnun þarf sem hluthafi í ATVEST að taka afstöðu til sameiningarinnar þar sem fyrir liggur að fljótalega verður boðaður hluthafafundur í ATVEST.

...

Rækjuverksmiðja Bakkavíkur á Bolungarvík.

Fasteignir og tækjabúnaður félagsins hefur verið auglýstur til sölu eða leigu. Gefinn var tilboðsfrestur til 31. janúar 2012.

Eyrarrósín.

Samningur milli Byggðastofnunar og Listahátíðar í Reykjavík er útrunninn. Málið verður á dagskrá næsta stjórnarfundar.

Styrkumsóknir.

Verklag við styrkveitingar verður sett á dagskrá næsta stjórnarfundar.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 27. janúar 2012 á Sauðárkróki.

Febrúar fundur verður haldinn í Keflavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____